

29. nóvember 1967.

121

Nr. 70.

L Ö G

um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. desember 1967 skal verðlagsuppbót aukin sem því svarar, að laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur að meðtalinni verðlagsuppbót hækki í hlutfalli við þá hækkun, sem varð á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu frá 1. ágúst til 1. nóvember 1967, samkvæmt niðurstöðum neytlurannsóknar þeirrar, er um getur í 2. gr. þessara laga. Kauplagsnefnd framkvæmir þennan útreikning. Gildir þetta þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda.

2. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem gerð hefur verið á neyztu launþega í Reykjavík 1964 og 1965. Grunntala þessarar nýju vísitölu skal miðuð við verðlag í byrjun janúar 1968, og síðan skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 hinn 1. marz 1959, samkvæmt 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, skal reiknuð í síðasta sinn eftir verðlagi í janúar-byrjun 1968.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin ákvæði laga:

Lög nr. 63 14. des. 1964, um verðtryggingu launa, og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Gjört að Bessastöðum, 29. nóvember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.